

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 81/2000**

**frá 2. október 2000**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2000 frá 28. janúar 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999 frá 27. júlí 1999 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til þess að skilgreina og senda upplýsingar um launakostnað<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 28.

*1. gr.*

Eftirfarandi komi á eftir lið 18c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 23/97) í XXI. viðauka við samninginn:

„18d. **399 R 0530:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar (Stjtíð. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Liechtenstein þarf ekki að safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari reglugerð,
- b) að því er Noreg varðar skal veiting upplýsinga um
  - unnar stundir samkvæmt þriðja undirlið b-liðar 1. mgr. 6. gr.,
  - gerð gildandi kjarasamninga samkvæmt fimmta undirlið a-liðar 2. mgr. 6. gr.,
  - gerð ráðningarsamninga samkvæmt sjöunda undirlið b-liðar 2. mgr. 6. gr.,

vera valfrjáls.

„18e. **399 R 1726:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999 frá 27. júlí 1999 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til þess að skilgreina og senda upplýsingar um launakostnað (Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 28).“

2. gr.

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.